

7. Rennibekk, Niensted & Co., m/rafh. Mez, hö. 4.
 8. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh., nr. 17171613.
 9. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh. Vem., nr. 171717/60.
 10. Pressu, sjálfsmíði, hydróliskri, sjálfskiptri, 200 tonn m/rafh. Veb., hö. 15 og 0.25, nr. 57/55396 og 103339/58.
 11. Herzluofni, gaskyntum, ásamt 2 gashylkjum.
 12. Málmhúðunartæki, m/6 baðkerum og sérstakri húðunarvél.
 13. Höggpressu, sjálfsmíði, 25—30 tonn m/rafh. Vem., 2.2 hö.
 14. Höggpressu, special, sjálfsmíði, 10 tonn m/rafh. Vem., hö. 5.5.
 15. Höggpressu, Benkmaster, m/rafh. Vem., hö. 1.5.
 16. Púnktuðuvél, B. IV.
- Fallið er frá virðingu.
- Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarþola.
- Gerðarþoli upplýsti, að munir þessir væru geymdir í verk-smiðju hans hér á Sauðárkróki.

Miðvikudaginn 15. maí 1968.

Nr.6/1968. **Jósafat Arngrímsson og Áki Gränz**
 (Áki Jakobsson hrl.)
 gegn
Jóni Sveinssyni og Birgi Þorvaldssyni
og gagnsökn
 (Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. janúar 1968 og gert þær dómkröfur, að gagn-áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim óskipt kr. 3.116.742.02 með 7% ársvöxtum frá 21. október 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 22. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefjast gagnáfrýjendur þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendur dæmdir til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Málsaðiljar gerðu með sér samning 31. marz 1964, þar sem aðaláfrýjendur lofa að selja gagnáfrýjendum hlutabréf sín í Ísfélagi Keflavíkur h/f. Er samningur þessi rakinn í heild í héraðsdómi. Á nauðungarupphóði 21. október 1964 var selt frystihús Ísfélags Keflavíkur h/f ásamt tækjum. Póst- og símamálastjórnin var hæstbjóðandi í eignir þessar og fékk þær útlagðar sem ófullnægður veðhafi á upphóðsþingi 27. október 1964. Í útlagningargerðinni er talið, að eftirstöðvar kröfu póst- og símamálastjórnarinnar á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f nemi kr. 948.392.02 og að upp í kröfu Anthony Gibbs & Sons Ltd., kr. 2.168.350.00, hafi engin greiðsla komið við upphóðið. Eru það þessar tvær fjárhæðir, sem aðaláfrýjendur krefja gagnáfrýjendur um í máli þessu. Þú Ísfélags Keflavíkur h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 11. desember 1964 en skiptum er enn eigi lokið.

Samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. kaupsamnings aðilja frá 31. marz 1964 skulu gagnáfrýjendur „semja um og greiða“ skuldir Ísfélags Keflavíkur h/f við póst- og símamálastjórnina og Anthony Gibbs & Sons Ltd. Hins vegar er þar ekki áskilið, að gagnáfrýjendur skuli greiða aðaláfrýjendum fé, ef eigi verði staðið í skilum við þessa kröfuhafa, og engin gögn hafa komið fram í málinu um, að aðaláfrýjendur hafi greitt skuldir þessar að meira eða minna leyti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Jósafat Arngrímsson og Áki Gränz,

greiði gagnáfrýjendum, Jóni Sveinssyni og Birgi Þorvaldssyni, kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 31. október 1967.

Mál þetta var þingfest 7. maí 1965, en dómtekið 18. júlí s.l. Hinn 4. ágúst var það síðan endurupptekið vegna ófullnægjandi upplýsinga og síðan dómtekið að nýju í gær. Málið hafa höfðað Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og Áki Gränz, Heimakletti, Ytri-Njarðvík, með stefnu, dagsettri 26. apríl 1965, gegn Jóni Sveinssyni rafvirkjameistara, Óðinsgötu 9, Reykjavík, og Birgi Þorvaldssyni, Hjarðarhaga 29, Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að upphæð kr. 3.116.742.02 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. október 1964 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja svo og málskostnaðar in solidum úr hendi þeirra að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. marz 1964 gera stefnendur og stefndu með sér samning um kaup á hlutabréfum Ísfélags Keflavíkur. Þykir rétt að taka samning þennan upp, en hann er svohljóðandi:

„Vér undirritaðir, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík og Áki Gränz, Heimakletti, Ytri-Njarðvík, eigendur hlutabréfa í Ísfélagi Keflavíkur h/f, Keflavík, í samningi þessum nefndir seljendur, og vér undirritaðir, Jón Sveinsson og Birgir Þorvaldsson, í samningi þessum nefndir kaupendur, gerum með oss svohljóðandi samning um kaup á hlutabréfum Ísfélags Keflavíkur:

KAUPSAMNINGUR

1. Seljendur lofa að selja kaupendum hlutabréf sín í Ísfélagi Keflavíkur h/f, eins og nánar greinir hér á eftir:

2. Verð hins selda skal vera í samræmi við efnahagsreikning, dagsettan 17. marz 1964, en niðurstöðutölur hans eru kr. 9.652.973.95, enda yfirtaka kaupendur eignir og skuldir fyrirtækisins, sem nema framangreindri fjárhæð, þar á meðal kaup á hlutabréfum á nafnverði, kr. 22.000.00, er greiðast núverandi eignum.

3. Í yfirtöku skulda felst, að kaupendur taka m. a. að sér að semja um og greiða skuld fyrirtækisins við Póst- og símamála-

stjórnina, að fjárhæð c. a. kr. 2.659.000.00, ásamt vöxtum og öðrum kostnaði af þeirri skuld, þar á meðal innheimtulaunum.

4. Í yfirtöku skulda felst sömuleiðis að semja um og greiða skuld við Messrs. Anthony Gibbs Ltd., London, að fjárhæð kr. 2.168.350.00 (£ 18.000), ásamt vöxtum og kostnaði, og semja við Brekkes Ltd. og Pétur Einarsson í samræmi við samninga við þá aðila, þ. e. við Brekkes Ltd., vegna sölusamnings fyrir framleiðslu ársins 1964, og við Pétur Einarsson, vegna umboðslauna, er hann kynni að eiga kröfu til vegna sölusamningsins við Brekkes Ltd.

5. Kaupendur lofa að losa seljendur með samningum við skuldheimtumenn fyrirtækisins úr persónulegum ábyrgðum og veðum vegna skulda fyrirtækisins. Ef fjárnám eða löghald verður gert í persónulegum eignum seljenda vegna einhverra hinna yfirteknu skulda Ísfélags Keflavíkur h/f á tímabilinu fram að 25. maí 1964, er samningur þessi þegar úr gildi fallinn.

6. Kaupendur lofa ennfreður að yfirtaka Kassagerð Suðurnesja h/f og Prentsmiðju Suðurnesja h/f samkvæmt efnahagsreikningi þeirra fyrirtækja til dagsins í dag, þó þannig, að kaupverð þeirra fyrirtækja fari ekki fram úr kr. 850.000.00, allt eftir nánara samkomulagi, en kaupendur lofa að losa seljendur undan persónulegum ábyrgðum vegna þeirra fyrirtækja, er nema c.a. kr. 200.000.00.

Sem greiðslu á kaupverði þeirra fyrirtækja taka kaupendur að sér að semja um og greiða skuld við Messrs. Clark Built Williams Ltd. fyrir frystitæki, sem koma ekki fram á efnahagsreikningi Ísfélags Keflavíkur h/f, dags. 17. marz 1964, og losa seljendur undan persónulegum ábyrgðum og veðsetningum í því sambandi. Skal þetta gert fyrir 25. maí 1964.

Hugsanlegur mismunur á kaupverðinu og hinna yfirteknu skuld skal gerður upp sérstaklega eftir nánara samkomulagi.

7. Seljendur skuldbinda sig til að greiða alla áfallna reikninga, sem kunna að hafa gleymzt við uppgjör, án innkallana, sé til skuldarinnar stofnað fyrir 13. febrúar 1964, en kaupendur skuldbinda sig til að greiða allar skuldir, er til hefur verið stofnað frá og með sama degi að telja, þar á meðal kostnað við að ganga frá lánum við Framkvæmdabanka Íslands og Fiskimálasjóð, er féllu í gjalddaga hinn 28. febrúar 1964, svo og alla áfallna vexti og opinber gjöld, er á kunna að verða lögð vegna rekstursins fram til dagsins í dag.

8. Kaupendur taka að sér greiðslur launa til fastráðinna starfs-

manna frá og með 13. febrúar 1964, að undanteknum þeim Albert K. Sanders og Aðalsteini Sigurðssyni.

9. Trésmíðaherbergi Aðalsteins Sigurðssonar í húsi fyrirtækisins verður rýmt með viku fyrirvara frá undirritun þessa samnings.

10. Tryggingariðgjöld vegna Ísfélags Keflavíkur h/f eftir 13. febrúar 1964 greiðast af kaupendum, miðað við gjalddaga iðgjalda.

11. Við undirskrift samnings þessa skal ákveðið, hvort endurskoðunarskrifstofa Þorgeirs Sigurðssonar og Verzlunin Kyndill verða áfram í húsnæði Ísfélags Keflavíkur h/f eða eigi, enda skal gerður leigusamningur sama dag, ef þessir aðilar verða áfram í húsnæðinu.

12. Undanskilið við sölu eru afgreiðsluborð og lausar innréttingar í verzlunarhúsnæðinu, er tilheyra verzluninni Kyndli h/f.

13. Ef kaupsamningur þessi af einhverjum ástæðum eigi verður endanlega bindandi fyrir seljendur hinn 25. maí 1964, skulu kaupendur greiða seljendum leigu fyrir afnot af eignum fyrirtækisins frá deginum í dag til þess tíma. Skal gerður um þetta sérstakur leigusamningur, er undirrita skal á sama degi og þennan samning, en sá leigusamningur kemur eigi til framkvæmda, ef af endanlegum kaupum verður.

14. Engar frekari veðsetningar, aðrar en fram koma á nefndum efnahags- og rekstrarreikningi, nema til tryggingar þeim skuldum, er ófrágengið er nú, skulu heimilaðar nema í samráði við og með samþykki lögfræðinga seljenda á tímabilinu fram til 25. maí 1964. Ríkistryggð bréf, er kunna að fást út á eignir Ísfélagsins, skulu eingöngu notuð til greiðslu á skuld við Póst- og síma-málastjórnina, og skal óheimilt að ráðstafa þeim á annan hátt nema með samþykki lögfræðinga seljenda.

15. Aðilar hafa komið sér saman um, að á tímabilinu fram til 25. maí 1964 skuli Þorgeir Sigurðsson endurskoðandi, Keflavík, einn hafa prókúru fyrir Ísfélag Keflavíkur h/f.

16. Um útborganir af hálfu kaupenda til seljenda er samkvæmt framanskráðu ekki að ræða. Greiðslu fyrir hlutabréf og tryggingariðgjöld, sem greidd kunna að hafa verið fyrirfram, verður samið um við yfirtöku Kassagerðar Suðurnesja h/f og Prentsmiðju Suðurnesja h/f svo og reikninga, er seljendur kunna að hafa greitt, en kaupendur hefðu átt að greiða samkvæmt efnahags- og rekstrarreikningi Ísfélags Keflavíkur h/f, sem að framan er vísað til.

17. Skilyrði fyrir því, að samkomulag þetta sé endanlega bindandi fyrir seljendur, er, að samningar um skuldir við framangreinda skuldheimtumenn og lausn seljenda frá persónulegum ábyrgðum og veðsetningum hafi tekizt eigi síðar en 25. maí 1964.

18. Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir bæjarþingi Keflavíkur án atbeina sáttamanna.

19. Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum og halda seljendur öðru og kaupendur hinu.

Reykjavík, 31. marz 1964.

Seljendur: Jósafat Arngrímsson (sign).

Seljendur: Áki Gränz (sign).

Kaupendur: B. Þorvaldsson (sign).

Kaupendur: Jón Sveinsson (sign).

Vitundarvottar:

Örn Clausen (sign).

Ragnar Ingólfsson (sign).

Samhljóða sýndu frumriti.

Skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík 28/10 1964.

Haraldur Henryrýsson (sign)

fr.“.

Mál þetta er sprottið vegna 3. og 4. greinar ofangreinds samnings. Telja stefnendur, að stefndu hafi keypt hlutabréfin í Ísfélagi Keflavíkur h/f persónulega og skuldbundið sig enn fremur þar með persónulega til að greiða þær skuldir, sem um ræðir í 3. og 4. gr.

Hafi stefndu báðir sett í stjórn hlutafélagsins og hafið rekstur. Einnig muni stefndi Jón, er varð formaður hinnar nýju stjórnar, hafa hafið samninga við kröfuhafa félagsins. Svo hafi þó farið, að þetta sama haust hafi Ísfélag Keflavíkur h/f orðið gjaldþrota, og hið síðara uppboð farið fram á eignum félagsins hinn 21. októ. 1964.

Urðu kröfur þær, sem uppboðsandvirðið hrökk ekki til að greiða: 1) af kröfu póst- og símamálastjórnarinnar kr. 948.392.02 og 2) krafa Messrs. Anthony Gibbs Ltd., London, kr. 2.168.350.00, eða samtals stefnukrafan í málinu.

Stefndu rökstyðja kröfu sína um sýknu með þessum rökum: Í fyrsta lagi sé sú ráðstöfun sóknaraðilja á hlutabréfum Ísfélagsins, sem gerð var með áðurgreindum kaupsamningi, ógild og

hrein markleysa. Sóknaraðiljar hafi þar komið fram sem einka-eigendur hlutabréfa í félaginu, en ekki hirt um að afla samþykkis annarra hluthafa, en það sé ófrávikjanleg regla, sbr. 31. gr. hlutafélagalaga.

Í öðru lagi hafi sóknaraðiljar ekki orðið fyrir neinu fjártjóni. Hafi þeir aldrei verið krafðir persónulega af póst- og símamálastjórninni né af Messrs Anthony Gibbs Ltd. Hér sé heldur ekki um að ræða persónulegar skuldir, heldur skuldir Ísfélags Keflavíkur h/f. Hafi sóknaraðiljar ekki greitt skuldir þessar og því ekki um neinar fjárkröfur á hendur varnaraðiljum til að dreifa.

Í þriðja lagi hafi veruleg forsenda brostið fyrir gildi áðurgreinds kaupsamnings. Í efnahagsreikningi, dags. 17. marz 1964, sem vitnað er til í 2. gr. ofanefnds kaupsamnings og lagður er fram í málinu á réttarskjali nr. 4, sé Ísfélagið talið eiga fasteignirnar nr. 57—59 við Hafnargötu í Keflavík. En af afsals- og veðmálabókum Keflavíkur sjáist, að fasteignin nr. 59 við Hafnargötu hafi verið seld Verzlunarbanka Íslands h/f þann 10. nóvember 1962 og sóknaraðiljar undirritað afsalið f. h. Ísfélagsins.

Í fjórða lagi telja stefndu stefnendur hafa fallið einhliða frá greindum kaupsamningi. Hafi sóknaraðiljar m. a. auglýst til sölu Kassagerð Suðurnesja h/f og Prentsmiðju Suðurnesja h/f.

Í fimmta lagi, að stefnendur séu eigi réttir aðiljar þessa máls. Haustið 1964 hafi Ísfélag Keflavíkur h/f orðið gjaldproti og ef um einhverjar kröfur væri að ræða, væri þrotabúið aðili þess máls.

Skuldin við póst- og símamálastjórnina samkvæmt 3. lið kaupsamningsins er til orðin vegna innstæðulausra tékka, sem pósthúsið á Keflavíkurflugvelli keypti. Er lögð fram í málinu á réttarskjali nr. 18 greinargerð póst- og símamálastjórnarinnar, ódagsett, um tékkamál þetta. Í henni segir m. a.: „Hinir 11 misnotuðu tékkar eru allir útgefnir af Albert H. Sanders f. h. Ísfélags Keflavíkur á reikning nr. 40 í Sparisjóðnum í Keflavík“.

Verður ekki séð af þessari tilvitnun né af öðrum skjölum málsins, að stefnendur hafi ábyrgzt tékka þessa persónulega, heldur virðist hér eingöngu um að ræða skuldbindingu Ísfélagsins.

Að því er viðkemur skuldinni við Messrs. Anthony Gibbs Ltd., London, þ. e. stefnukröfunni, byggðri á 4. gr. áðurgreinds kaupsamnings, er hún vegna víxla, sem útgefnir voru og ábektir af Albert K. Sanders f. h. Ísfélags Keflavíkur h/f vegna láns, sem hið erlenda firma veitti Ísfélaginu. Víxlar þessir hafa verið lagðir fram í málinu á réttarskjali nr. 24.

Hvorki hinir framlögðu víxlar né önnur gögn málsins bera með sér, að stefnendur hafi persónulega ábyrgzt þá eða greitt.

Með tilvísun til framanritaðs verður að telja hinar umstefndu skuldir skuldir Ísfélags Keflavíkur h/f.

Með úrskurði hinn 11. desember árið 1964 var Ísfélag Keflavíkur h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Er þeim skiptum ekki lokið, eins og fram kemur í vottorði skiptaráðanda, Valgarðs Kristjánssonar, á réttarskjali nr. 31.

Við gjaldþrot tekur þrotabúið við öllum réttindum gjaldþrotaaðilja. Eru því stefnendur ekki réttir aðiljar þessa máls, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af kröfum stefnenda í málinu.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnenda í máli þessu. Stefnendur greiði stefndu málskostnað, sem þykir hæfilegur kr. 9.000.00.

Ásgeir Thoroddsen, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Sveinsson og Birgir Þorvaldsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Jósafats Arngrímssonar og Áka Gränz, í máli þessu. Stefnendur greiði stefndu í málskostnað kr. 9.000.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
